



Sumarlestur 2009

Héraðsbókasafn Borgarfjarðar efnir til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Tímabil sumarlesturs er frá 5. júní - 5. ágúst.

Markmiðið með verkefninu er að: Nemendur viðhaldi og þjálfí ennfremur, þá lestrarleikni sem þeir hafa tileinkað sér í skólunum yfir veturinn.

Verkefnið er þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu.

Börn á þessum aldri skrá sig í sumarlesturinn á bókasafninu frá og með 5. júní og fá þá um leið skjal þar sem skráðar eru þær bækur sem viðkomandi barn les á ofangreindu tímabili. Þegar bók er aftur skilað er stimplað við hvern titil og nafn þátttakenda sett á miða í pott sem dregið verður úr í lok sumars þar sem einhverjir heppnir bókaormar hljóta vinning.

Öll börn geta gerst lánþegar. Æskilegt er að þau yngstu komi í fylgd fullorðinna fyrstu skiptin.

Opið verður á bókasafninu í sumar **alla virka daga** frá kl. 13-18.

Við hlökkum til að sjá ykkur, starfsfólk Safnahúss Borgarfjarðar



SAFNAHÚS
BORGARFJARÐAR

Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi s: 430 7200